

Reglur varðandi framlagningu viðauka hjá sveitarstjórn Húnaþings vestra

Í bréfi reikningsskila- og upplýsinganefndar Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá 7. nóvember sl.s. er vísað til 63. gr. sveitarstjórnarlaga, sem fjallar um viðauka við fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Jafnframt er vísað til meðfylgjandi verklagsreglna sem eiga að vera grunnur að verklagi sveitarfélags við gerð viðauka og auðvelda sveitarstjórnnum að setja skýrar reglur um einstakar ákvarðanir.

Meginforsendur við gerð viðauka eru samkvæmt verklagsreglum reikningsskila- og upplýsinganefndar eftirfarandi;

- Fjárhagsáætlun hvers árs er bindandi ákvörðun sveitarstjórnar um fjárheimild ársins.
- Leita skal fyrirfram samþykkis sveitarstjórnar vegna útgjalda og fjárfestingar umfram gildandi fjárhagsáætlun. Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn bera ábyrgð á að halda fjárhagsáætlun ársins innan fjárheimildar.
- Viðauka við fjárhagsáætlun skal ekki gera til að leiðrétta í fjárhagsáætlun, útgjöld í rekstri eða fjárfestingar, sem þegar hefur verið stofnað til.
- Ekki er heimilt að samþykkja ný útgjöld í rekstri eða til fjárfestingar, sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, nema að jafnhliða sé samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun sveitarfélags.
- Alltaf skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflökks sem ráðstöfunin snertir áður en óskað er eftir gerð viðauka.
- Forsenda samþykktar á viðauka er að fram komi hvernig hin nýju útgjöld verði fjármögnuð. Ef ákvörðun kallar á færslu milli liða þarf að liggja skýrt fyrir um hvaða liði fjárhagsáætlunar ræðir svo bóka megi í viðauka.
- Sveitarstjórn setur sérstakar reglur sem gilda skulu um heimildir vegna tilfærslu á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar og millifærslu milli deilda. Sama gildir jafnframt um heimildir vegna fjárfestingar og millifærslu milli verkefna.

Í samræmi við framlagðar verklagsreglur reikningsskila- og upplýsinganefndar setur sveitarstjórn Húnaþings vestra sér neðangreindar reglur um gerð viðauka.

1. Heimildir vegna tilfærslur á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar

Verði breytingar á stöðugildum starfsmanna, aukning á launakostnaði eða tilfærsla á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar skal sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs ásamt sveitarstjóra og forstöðumönnum/sviðsstjórum leggja tillögu fyrir byggðarráð, ásamt minnisblaði eða öðrum gögnum, þar sem fram kemur hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykta fjárhagsáætlun. Sveitarstjóri ásamt sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs bera ábyrgð á að leggja gögnin/málið fyrir byggðarráð. Heimilt er að færa á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar allt að 2 milljónir króna án samþykktar sveitarstjórnar. Innri leiga og hlutdeild í yfirstjórn eru bundnir liðir og ekki er heimilt að ráðstafa þeim liðum til annars.

2. Heimildir vegna millifærslu milli deilda

Ef fjárhagslegar ráðstafanir sem ekki er gert ráð fyrir í samþykktri fjárhagsáætlun snerta fleiri en eina deild skal ætíð leggja fram viðauka. Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs ásamt

sveitarstjóra og forstöðumönnum/sviðsstjórum leggja fyrir byggðarráð tillögu ásamt minnisblaði eða öðrum gögnum, þar sem fram kemur hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykta fjárhagsáætlun. Sveitarstjóri ásamt sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs bera ábyrgð á að leggja gögnin/málið fyrir byggðarráð. Lágmarksfjárhæð vegna millifærslu milli deilda er 1 milljón króna. Fjárhæðum undir 1 milljón króna skal finna svigrúm innan viðkomandi deildar.

3. Lágmark fjárhæðar sem leita þarf samþykkis fyrir með viðauka

Ætíð skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin snertir áður en leitað er að svigrúmi annarsstaðar. Lágmarksfjárhæð sem leita þarf samþykkis fyrir með viðauka er 1 milljón króna. Fjárhæð undir 1 milljón króna skal finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks.

4. Heimildir vegna fjárfestinga og tilfærslu milli verkefna

Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs ásamt sveitarstjóra og forstöðumönnum/sviðsstjórum er heimilt að hliðra til verkefnum í framkvæmda- og/eða fjárfestingaáætlun án samþykkis sveitarstjórnar, svo fremi að breytingin nemi ekki hærri fjárhæð en 4 milljónum króna og rúmist innan áður samþykkrar heildarfjárhæðar til fjárfestinga og framkvæmda í fjárhagsáætlun ársins.

Fjárfestingar og/eða framkvæmdir sem ekki rúmast innan áður samþykkrar fjárhæðar í fjárhagsáætlun skal ætíð gera viðauka um. Skal það vera á ábyrgð viðkomandi forstöðumanns eða sviðsstjóra í samráði við sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og/eða sveitarstjóra. Tillögu ásamt minnisblaði eða öðrum gögnum þar sem fram kemur hvernig útgjöldunum verði mætt og hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykta fjárhagsáætlun skal leggja fyrir byggðarráð og síðan til samþykkrar sveitarstjórnar.

Viðauki skal fá eina umræðu í byggðarráði áður en hann er lagður fyrir sveitarstjórn til samþykkrar. Í bókun byggðarráðs skal þess gætt að skýrt komi fram upplýsingar um eðli breytinga, fjárhagsleg- áhrif og hvernig lagt sé til að útgjöldunum eða fjárfestingunni verði mætt. Geri byggðarráð breytingartillögu skal koma skýrt fram í hverju breytingin felst.

Þegar byggðarráð hefur samþykkt tillögu að viðauka og vísað til sveitarstjórnar skal sveitarstjóri koma tillögunni til sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs sem útbýr viðaukann númeraðan og undirritaðan og útbýr sérstakt yfirlit um fjárhagslegar ráðstafanir hafi það ekki nú þegar verið gert eða ef byggðarráð hefur gert breytingar á framlagðri tillögu.

Sé viðaukinn samþykktur skal hann bókaður og tilkynning þess efnis send sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs ber ábyrgð á að fjárhagsáætlun sé uppfærð til samræmis við samþykta viðauka og að viðaukar séu sendir Hagstofunni innan tilskilinna tímamarka.

Samþykkt á 1050. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra þann 20. júlí 2020